ÚRVINNSLUSJÓÐUR

# Ársskýrsla 2005

# *Efnisyfirlit*


1. ***Aðfaraorð formanns*** .......... *3*

2. ***Starfsemi Úrvinnslusjóðs 2005*** .......... *4*
   - 2.1 Stjórn og starfsmenn .......... 4
   - 2.2 Hlutverk og verklag .......... 4
   - 2.3 Álagning úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappír, pappa og plasti .......... 5
   - 2.4 Umbúðir .......... 6
   - 2.5 Erlend samskipti .......... 6
   - 2.6 Veiðarfæri úr gerviefnum .......... 6

3. ***Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2005*** .......... 7
   - 3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra .......... 8
   - 3.2 Áritun endurskoðenda .......... 8
   - 3.3 Rekstrarreikningur ársins 2005 .......... 9
   - 3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2005 .......... 9
   - 3.5 Sjóðstreymi árið 2005 .......... 10
   - 3.6 Skýringar með ársreikningi 2005 .......... 10
   - 3.7 Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2005 .......... 13

4. ***Rekstur úrvinnslugjaldskerfisins*** .......... *14*
   - 4.1 Fjárhagsafkoma .......... 14
   - 4.2 Kostnaður við framkvæmd laganna um úrvinnslugjald. .......... 15
   - 4.3 Samanburður við rekstaráætlun 2005 .......... 16

5. ***Rekstraryfirlit eftir einstökum vöruflokkum*** .......... *17*
   - 5.1 Heyrúlluplast .......... 17
   - 5.2 Samsettar umbúðir .......... 18
   - 5.3 Olíuvörur .......... 19
   - 5.4 Lífræn leysiefni .......... 20
   - 5.5 Halógeneruð efnasambönd .......... 21
   - 5.6 Ísósýanöt .......... 22
   - 5.7 Málning og litarefni .......... 23
   - 5.8 Prentlitir .......... 24
   - 5.9 Rafhlöður .......... 25
   - 5.10 Blýsýrurafgeymar .......... 26
   - 5.11 Vörur í ljósmyndaiðnaði, framköllunarvökvar .......... 27
   - 5.12 Kvikasilfurvörur .......... 28
   - 5.13 Varnarefni .......... 29
   - 5.14 Kælimiðlar .......... 30
   - 5.15 Hjólbarðar .......... 31
   - 5.16 Pappa og pappírsumbúðir .......... 32
   - 5.17 Plastumbúðir .......... 33
   - 5.18 Ökutæki .......... 34



Útgefandi: Úrvinnslusjóður 2005
Ljósmynd á forsíðu: H2 Hönnun
Prentvinnsla: Prentsmiðjan Gutenberg

# 1. *Aðfaraorð formanns*

*Á alþjóðavettvangi verður úrvinnsla úrgangs æ umfangsmeira verkefni neyslu- og umbúðaþjóðfélaganna. Sífellt koma fram hertar kröfur um endurnýtingarhlutfall og er það gjarnan sett í samband við nýtingu auðlinda jarðar.*

*Sumir hafa gengið svo langt að kalla þá tíma sem við lifum, plastöld. Páll Árnason veltir þessu fyrir sér í bók sinni PLAST. Menn rísa að morgni upp frá pólyuretan svampdýnu og ganga út á PVC dúklagt gólf. Grípa til morgunkornsins í plastpoka, kaupa bensín á leið í vinnuna af afgreiðslumanni í PVC regnkápu, bensín sem kemur í epoxyrörum frá glertrefjastyrktum polyesterneðanjarðartanki. Í bílnum eru rúm 100 kg af plasti. Í vinnunni er kveikt á tölvu sem er nánast öll úr plasti og drukkið kaffi úr plastmálum. Allt er úr plasti, sprautur, umbúðir, hanskar. Veggirnir eru málaðir plastmálningu og korkurinn á gólfinu er polyuretan lakkaður. Fötin eru úr polyester og akryl. Hjá lækninum er augasteinninn sem settur er í veikt auga úr plasti og festur með nylonþræði. Bændur pakka heyfeng sínum í heyrúlluplast, fiskurinn er veiddur á plastlínu, í plasttroll eða plastnet með plastkúlum og fiskurinn settur í plastkör.*

*Nútímaþjóðfélag er óhugsandi án plasts. Til framleiðslu á 1 kg af plasti þarf um 2 kg af olíu. Við endurvinnslu af 1 kg af plasti má spara frá 0,8 til allt að 2 kg af olíu eftir aðferðum og framleiðslu. Þannig mætti lengi telja. Hér er aðeins tekið fyrir eitt efni neysluþjóðfélagsins. Æ ríkari samstaða er að myndast á alþjóðavettvangi um nauðsyn endurnýtingar og ör þróun er í tækni til endurvinnslu á mörgum sviðum. Verð vöru á markaði felur í auknum mæli í sér kostnað við endurvinnslu þess úrgangs sem myndast við notkun hennar. Framleiðendur bera í auknum mæli ábyrgð endurnýtingu og förgun. Skilningur eykst á því að ekki er unnt að varpa á sveitarfélögin kostnaði við förgun og endurnýtingu þess sem framleitt og selt er.*

*Þannig er ljóst að hlutverk Úrvinnslusjóðs hlýtur að fara vaxandi í framtíðinni og fleiri vöruflokkar að falla undir þetta kerfi.*

*Á árinu 2005 samþykkti Alþingi lög sem fela í sér að Úrvinnslusjóður fær vaxtatekjur af sjóðum sínum í vörslu ríkissjóðs, atriði sem verið hefur baráttumál stjórnar sjóðsins. Í apríl var byrjað að greiða fyrir bylgjupappa og plastfilmu, svokallaðar flutningsumbúðir. Álagning úrvinnslugjalds á plast- og pappaumbúðir kom til framkvæmda 1. janúar 2006 eftir ítarlegan undirbúning á árinu 2005. Slík álagning er flókin og snertir nánast alla vöruflokka sem fluttir eru til landsins, hvern með sínum hætti. Á árinu lét Úrvinnslusjóður vinna fyrir sig vistferilsgreiningu fyrir plast- og pappaumbúðir frá heimilum. Gengið var frá samningi við Landssamtök íslenskra útvegsmanna um að samtökin sjái um söfnun og meðhöndlun veiðarfæra úr gerviefnum frá 1. september 2005. Stjórn Úrvinnslusjóðs leggur nú aukna áherslu á kynningu á endurvinnslu og nauðsyn hennar. Fyrirhugað er að gera samning við AP almannatengsl um aðstoð á því sviði.*

*Lögð hefur verið áhersla á að fylgjast með þróun endurnýtingar úrgangs í nágrannalöndunum en oft eru stærri þjóðir skrefi á undan okkur í þessum efnum. Úrvinnslusjóður er aðili að EPRO eða European Association of Plastic Recycling and Recovery Organisation og hyggst með því njóta reynslu og þekkingar Evrópuþjóða á þessum vettvangi.*

*Þann 1. júní gekk Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka Iðnaðarins úr stjórn Úrvinnslusjóðs og eru honum þökkuð góð störf. Í hans stað var skipuð Bryndís Skúladóttir verkfræðingur og er hún boðin velkomin til starfa. Jafnframt tók Sigurður Jónsson við sem varaformaður stjórnar en því embætti hafði Sveinn gegnt.*

*Á árinu átti Úrvinnslusjóður mjög gott samstarf við hinar ýmsu stofnanir ríkisins, Samtök íslenskra sveitarfélaga og hagsmunsaðila innan atvinnulífsins. Sérstaklega má geta góðs og mikils samstarfs við umhverfisráðuneytið.*

Guðm. G. Þórarinsson
Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs

# 2. *Starfsemi Úrvinnslusjóðs árið 2005*

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002 . Með þeim er Úrvinnslusjóður settur á stofn og jafnframt felld úr gildi lög um spillefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar, en Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón á úrvinnslugjaldi. Í lögum um Úrvinnslusjóð er gert ráð fyrir því að umhverfissráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjald og Úrvinnslusjóð.Það var gert þann 28. mars 2003 með reglugerð nr. 227/2003. Hún var síðan felld úr gildi þann 30. júní 2003 með reglugerð nr. 501/2003.

Stjórn skipuð af Umhverfisráðherra fer með ábyrgð á rekstri sjóðsins gagnvart ráðherra.

## 2.1 Stjórn

Umhverfisráðherra *skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Hann skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:*

Einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Stjórn Úrvinnslusjóðs skipa Guðmundur G. Þórarinsson, stjórnarformaður, Bryndís Skúladóttir, frá Samtökum Iðnaðarins, varaformaður, Guðfinnur Johnsen, frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurður Jónsson, frá SVÞ-Samtökum verslunar og þjónustu og Stefán Hermannsson, Borgarverkfræðingur fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga.

Starfsmönnum Úrvinnslusjóðs fjölgaði um tvo í árslok 2004 og eru nú fimm.

## 2.2 Hlutverk og verklag

*Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög um Úrvinnslusjóð.*

Úrvinnslusjóður á að leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semja við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á.

Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokkum, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vöru og úrvinnslu hennar. Auk þess geri Úrvinnslusjóður ár hvert fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar á eftir með hlið-

### *Álagning og breytingar úrvinnslugjalds*

| Nr. | Vöruflokkur | 15.03.1997 | 15.04.1997 | 15.06.1997 | 01.08.1997 | 01.11.1997 | 01.03.1998 | 05.03.1999 | 15.03.1999 | 01.11.1999 | 01.01.2000 | 01.09.2000 | 01.08.2001 | 15.12.2001 | 01.01.2003 | 01.01.2004 | 01.01.2005 | 01.01.2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 01 | Heyrúlluplast | | | | | | | | | | | | | | | 25,00 | | |
| 02 | Samsettar drykkjarvöruumbúðir | | | | | | | | | | | | | | 22,23 | | 10,00 | |
| 02 | Samsettar drykkjarvöruumbúðir (kr./stk.) | | | | | | | | | | | | | | 0,59-0,73 | | 0,26-0,33 | |
| 04 | Olíuvörur aðrar en brennsluolía | | | | | | | | 10,00 | | | | | 9,50 | 11,50 | 14,50 | | |
| 04 | Svartolía | | | | | | | 0,00 | | | | | | | | | | |
| 05 | Lífræn leysiefni | | | 0,50 | | | 1,50 | | | | | 3,00 | | | | | | |
| 06 | Halógeneruð efnasambönd | | | | | | 22,00 | | | | | 75,00 | 90,00 | 105,00 | | | 130,00 | |
| 07 | Ísósýanöt | | | | | 1,00 | | | | | | | | | 1,30 | 1,50 | | |
| 08 | Olíumálning | | | 2,00 | | | 6,00 | | | | | 10,50 | 13,50 | 16,00 | 17,00 | 20,00 | | |
| 09 | Prentlitir | | | 2,00 | | | 6,00 | | | | | | | 16,00 | 20,00 | 34,00 | | |
| 10 | Mangandíoxíðrafhlöður | | | | | | | | | | | | | | 91,00 | | 45,50 | |
| 10 | Liþíumrafhlöður | | | | | | | | | | | | | | 171,00 | | 85,50 | |
| 10 | Rafhlöður með nikkelkadmíum | | | | 186,00 | | | | | | | 200,00 | N/A | | 202,00 | | 101,00 | |
| 10 | Rafhlöður með nikkelkadmíum (kr./stk.) | | | | | | | | | | | | 13,00 | | N/A | | | |
| 10 | Rafhlöður með kvikasilfri | | | | 186,00 | | | | | | | 200,00 | N/A | | 559,00 | | 279,50 | |
| 10 | Rafhlöður með kvikasilfri (kr./stk.) | | | | | | | | | | | | 13,00 | | N/A | | | |
| 10 | Alkalískar hnapparafhlöður | | | | 186,00 | | | | | | | N/A | | | | | | |
| 10 | Alkalískar hnapparafhlöður (kr./stk.) | | | | | | | | | | | 9,00 | 13,00 | | 5,00 | | 2,50 | |
| 11 | Rafgeymar með sýru | 26,00 | | | | | | | | | | 21,00 | 19,00 | | | | | |
| 11 | Rafgeymar án sýru | 36,40 | | | | | | | | | | 29,40 | 26,60 | | | | | |
| 11 | Rafgeymar í tækjum (kr./ökutæki) | 143,00-2.288,00 | | | | | | | | | | 115,50-1.848,00 | 104,50-1.672,00 | | | | | |
| 11 | Rafhlöður í rafmagnsspennum | | | | 26,00 | | | | | | | 21,00 | 19,00 | | | | | |
| 12 | Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði | | 32,25-258,00 | | | | | | | | | 29,25-234,00 | | | 36,75-294,00 | 51,00-408,00 | | |
| 12 | Önnur kemísk framleiðsla til ljósmyndunar | | | | | | | 258,00 | | | | 234,00 | | | 294,00 | 408,00 | | |
| 13 | Kvikasilfursvörur | | | | | | | | | | 900,00 | | | | | | | |
| 14 | Varnarefni, útrýmingarefni | | | | | 3,00 | | | | | | | | | | | | |
| 14 | Varnarefni, fúavarnarefni | | | | | 3,00 | | | | | | | | | | | | |
| 15 | Kælimiðlar | | | | | | | | | 98,00 | | | | | 2,50 | | | |
| 16 | Hjólbarðar (kr./kg) | | | | | | | | | | | | | | 36,02 | | 30,00 | 20,00 |
| 16 | Hjólbarðar (kr./ökutæki) | | | | | | | | | | | | | | 72,04-36.020 | | 60,00-30.000 | 40,00-20.000 |
| 18 | Pappírs- og pappaumbúðir | | | | | | | | | | | | | | | | | 10,00 |
| 20 | Plastumbúðir | | | | | | | | | | | | | | | | | 10,00 |
| 51 | Ökutæki (kr./ökutæki á ári) | | | | | | | | | | | | | | 1.040,00 | | 700,00 | |

Ath. Úrvinnslugjald er alls staðar í kr./kg nema annars sé getið

sjón af áætlun um magn gjaldskyldrar vöru á markaði, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaði við úrvinnslu hans á grundvelli útreikninga, útboða og verksamninga.

Ef gjaldskyld vara eða úrgangur af henni sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal Úrvinnslusjóður hlutast til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjaldið samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Þá er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er.

Við öflun hráefna og orku er oft gengið á náttúruleg gæði og sama gildir um úrgang sem verður til við vörunotkun og þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki auk þess að sem minnst falli úr hringrásinni í formi úrgangs sem verður að farga.

„Vöruhringrás"




Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni í formi úrgangs sem þarf að farga. Hann reynir með hagrænum hvötum að stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu.

Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds. Samið verður um verkþætti á grundvelli útboða eða verksamninga.

Söfnunarstöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer úrgangurinn til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva..

Móttökustöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum.

## 2.3 Álagning úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappír, pappa og plasti.

Á árinu 2005 var unnið að undirbúningi álagningar á umbúðir úr pappír, pappa og plasti. Samkvæmt lögum nr. 162/2002 átti að leggja úrvinnslugjald á umbúðir þann 1. september 2005. Skipaður var samráðshópur aðila er málið varðar í febrúar 2005 sem hafði það hlutverk að fara yfir væntanlega álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir. Samráðshópinn skipuðu fulltrúar frá SVÞ-Samtökum verslunar og þjónustu (Sigurður Jónsson, sem jafnframt var formaður samráðshópsins), Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum iðnaðarins, Tollstjóra, tollmiðlurum og Úrvinnslusjóði. Hópurinn hélt fjölmarga fundi og meðal þess sem hann skoðaði var reikniregla er fram kom við breytingar á lögum nr. 162/2002 sem samþykkt höfðu verið af Alþingi í desember 2004. Þar sagði: "Gjaldskyldur aðili skal við tollafgreiðslu gefa upp þyngd

Fyrirkomulag




umbúða í vörusendingu til tollafgreiðslu samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um þyngd umbúða vöru frá framleiðenda hennar eða aðrar staðfestar upplýsingar hjá gjaldskyldum aðila skal reikna mismun á brúttó- og nettóþyngd vörusendingar að frádregnum vörubrettum. Mismunurinn á þeim útreikningi myndar álagningarstofn til greiðslu á úrvinnslugjaldi vegna viðkomandi vörusendingar. Ef engar upplýsingar liggja fyrir um mismun á brúttó- og nettóþyngd vörusendingar skal ákvarða álagningarstofn fyrir úrvinnslugjald sem nemur 15% af uppgefinni brúttóþyngd vörusendingar að frádregnum vörubrettum. Þegar að álagningarstofn er reiknaður samkvæmt þessari málsgrein skal þyngd umbúða eftir efni hlutfallslega skipt sem hér segir: 80% skal ákvarða sem pappa- og pappírsumbúðir og 20% skal ákvarða sem plastumbúðir nema fyrir liggi staðfestar upplýsingar um hlutafall efnis í umbúðum".

Samráðshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að upplýsingar um þyngd umbúða utan um vöru lægi almennt ekki fyrir hjá fyrirtækjum og því mundi óbreytt reikniregla vera allt of íþyngjandi fyrir innflytjendur. Eins yrði til mikil skekkja við útreikninga á því magni umbúða er bærist til landsins á hverju ári. Það myndi gera aðilum máls mjög erfitt fyrir að ná markmiðum um 50-65% endurnýtingu umbúða ef uppgefið magn vegna innflutnings vara til landsins reyndist all miklu meira en þyngd umbúða væri í raun. Var stjórn og starfsmönnum Úrvinnslusjóðs því falið að leita leiða til að koma fram með reiknireglur sem kæmust nær raunþyngd umbúða, sem nota mætti við innflutning, ef þyngd umbúða væri ekki vituð. Jafnframt var farið þess á leit við stjórn Úrvinnslusjóðs að hún myndi óska eftir því við umhverfisráðherra að fá gildistöku álagningar úrvinnslugjalds frestað til 1. janúar 2006, svo að tími gæfist til breytinga á reiknireglum. Einnig að fá betri tíma til að koma í framkvæmd kynningu til fyrirtækja á Íslandi um væntanleg álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir. Stjórn Úrvinnslusjóðs fór yfir óskir samráðshópsins og tók undir þær en óskaði jafnframt eftir því að móttaka á flokkuðum bylgjupappa og plastfilmu frá fyrirtækjum yrði óbreytt og hæfist 1. apríl 2005.

Vorið 2005 var samþykkt frumvarp til laga þar sem m.a. var ákvæði um frestun álagningar úrvinnslugjalds á umbúðir til 1. janúar 2006.

Í samráði Úrvinnslusjóðs og danska ráðgjafarfyrirtækisins Logisys A/S var fundin út aðferð til að ákvarða meðalþyngd umbúða úr pappír, pappa og plasti í hverju átta stafa tollnúmeri tollskrárinnar sem notuð er við innflutning til Íslands. Síðan voru númer sameinuð er höfðu svipað hlutfall umbúða innan sama kaflanúmers (fyrstu tveir stafirnir í tollnúmeri) eða sama vörunúmers (fyrstu fjórir stafirnir) eða þá alþjóðlegs tollnúmers (fyrstu sex stafirnir) og að lokum var átta stafa tollnúmerið látið standa ef ekki var hægt að sameina það öðrum. Þetta fækkaði tollnúmerum er fengu ákvarðað hlutfall umbúða af nettóþyngd vörusendingar úr u.þ.b. 8000 niður í 1500 "umbúðanúmer". Þessu var síðan komið til skila í formi

lista er unnið var með af tollayfirvöldum og hugbúnaðarhúsum. Starfsmenn Tollstjóra gáfu númerum kvóta og lögðu til að innflytjendur notuðust við þrjá möguleika til að gefa upp þyngd umbúða í hvorum umbúðaflokki fyrir sig við tollskýrslugerð. Við innflutning skal gefa upp kvótann PP1 ef þyngd á umbúðum úr pappír eða pappa er vituð, PP2 ef áætla á þyngdina út frá 1500 umbúðanúmerunum eða PPX ef engar umbúðir úr pappa eða pappír er utan um vöru. PL1 ef þyngd á umbúðum úr plasti er vituð. PL2 ef áætla á þyngdina út frá 1500 umbúðanúmerunum eða PLX ef engar umbúðir úr plasti eru utan um vöru.

Samráðshópurinn lagði á það áherslu að auðvelt yrði að halda utan um þyngd umbúða í vörustjórnurkerfum fyrirtækja sem síðan yrði yfirfært í tollakerfum með skipuninni PP1 eða PL1 við gerð tollskýrslu.

Samráðshópurinn telur að með nýjum reiknireglum fáist jafnframt sanngjarnari álagning úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappír, pappa og plasti við innflutning ef þyngd umbúða er ekki vituð. Eins munu nýju reiknireglurnar verða auðveldar í notkun þar sem að allur tollahugbúnaður verður uppfærður þannig að með því að slá inn t.d. PP2 í línu fyrir neðan tollnúmer og lýsingu á vöru, kemur sjálfkrafa upp þyngd umbúða sem reiknað hlutfall af nettóþyngd vöru.

Innlendir framleiðendur voru heimsóttir og farið yfir væntanlega gjaldtöku af innlendri umbúðaframleiðslu. Var haft samráð við helstu framleiðendur umbúða um innheimtutímabil sem og gjaldfresti vegna uppgjörs úrvinnslugjalds við skattstjóra. Lögð var rík áhersla á að undanþiggja með öllu umbúðir er fara utan um framleiðslu er síðan er seld úr landi. Var það gert með lögum og til að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja á markaði umbúða var jafnframt komið inn undanþáguákvæði á greiðslu úrvinnslugjalds á umbúðir er fluttar eru til landsins og ætlaðar eru utan um vöru er fer til útflutnings.

Þegar aðferðafræðin við álagningu úrvinnslugjaldsins lá fyrir, óskaði samráðshópurinn eftir því stjórn Úrvinnslusjóðs að unnin yrði kynningaráætlun til að kynna stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja helstu atriði er hafa skal í huga við innflutning og framleiðslu umbúða. Haldnir voru fjölmargir fundir með Úrvinnslusjóði og samtökum innan atvinnulífsins þar sem umbjóðendur samtakanna gátu farið yfir álagninguna og komið með ábendingar. Einnig voru haldnir kynningarfundir með starfsmönnum hugbúnaðarhúsa,Tollstjóra og Úrvinnslusjóðs um tæknilega framkvæmd álagningar úrvinnslugjalds á umbúðir.

Úrvinnslusjóður gerði samning við AP almannatengsl um að annast með sjóðnum kynningu á álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir til stjórnenda fyrirtækja sem og gerð auglýsinga og bæklinga um sama mál. Sendar voru upplýsingar í formi bæklings til um 5000 fyrirtækja, eins voru birtar auglýsingar í helstu prentmiðlum landsins í lok desember 2005. Eins var gerð skoðanakönnun á vegum Gallup um árangur af þessari kynningu. Niðurstöður könnunarinnar voru að flestu leyti góðar gagnvart verkefninu. Þar kom meðal annars fram að tæp 95% stjórnenda fyrirtækja telja endurvinnslu umbúða vera mjög mikilvæga eða frekar mikilvæga. Það má teljast gott veganesti inn í framtíðarsamvinnu atvinnulífs og stjórnavalda við úrvinnslu á umbúðum.

## 2.4 Söfnun umbúða

Álagning úrvinnslugjalds á umbúðir hófst um leið og Úrvinnslusjóður tók til starfa, 1. janúar 2003. Drykkjarfernur höfðu þá verið sendar í endurvinnslu á vegum mjólkuriðnaðarins um nokkurt skeið og tók sjóðurinn yfir umsýslu með því verkefni. Fernurnar voru því fyrstu umbúðirnar sem lög um Úrvinnslugjald náðu yfir.

Skilmálar um bylgjupappa og glæra plastfilmu voru gefnir út í apríl 2005 og hófust þá greiðslur fyrir endurnýtingu þeirra. Undirbúningur álagningar á umbúðir var í gangi árið 2005 en álagningin hófst ekki fyrr en 1. janúar 2006.

Umhverfisráðherra skipaði í janúar 2005 nefnd til að undirbúa framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga. Í nefndinni áttu sæti: Formaður frá umhverfisráðuneytinu, 2 tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, 1 tilnefndur af Umhverfisstofnun og 1 tilnefndur af Úrvinnslusjóði.

Nefndarmenn hittu fólk sem kemur að úrgangsmálum með ýmsum hætti, t.d. starfsmenn sveitarfélaga og söfnunarfyrirtækja. Skoðað var magn umbúða og einnig hvaða leiðir væru fyrir hendi varðandi endurvinnslu og endurnýtingu. Farið var yfir markmið Íslands í tilskipunum Evrópusambandsins, eins og þau eru nú og eins og þau verða á næstu árum. Einnig lét Úrvinnslusjóður vinna fyrir sig vistferilsgreiningu fyrir plast- og pappaumbúðir frá heimilum.

Nefndin skilaði skýrslu í júní 2005 og lagði m.a. til að hún fengi að starfa lengur og halda málþing um umbúðaúrgang. Ráðherra skipaði þá nýja nefnd og bættust þá við fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins, Félagi íslenskra stórkaupmanna og Neytendasamtökunum.

Síðari nefndin fékk ráðgjafa frá Noregi til að skoða stöðuna á Íslandi og koma með tillögur og hugmyndir um framkvæmd umbúðasöfnunar. Málþing um umbúðaúrgang var haldið í nóvember og var vel sótt. Helstu niðurstöður málþingsins voru að efla þyrfti fræðslu verulega og einnig að reynt væri að ná markmiðunum með sem minnstum tilkostnaði. Þ.e.a.s. að byrja á því sem auðveldast og ódýrast er að safna.

Skýrslur nefndanna og erindi málþingsins eru aðgengileg á heimasíðu Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.

## 2.5 Sveitarfélög

Umhverfisráðuneytið skipaði nefnd að ósk Úrvinnslusjóðs með það verkefni að gera tillögur um skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga um þær tegundir úrgangs sem falla undir úrvinnslugjald. Haldnir voru nokkrir fundir og ráðgert að skila niðurstöðu í ársbyrjun 2006.

Samhliða ræddu fulltrúar sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs um leiðir til að ákvarða sanngjarna greiðslur fyrir veitta þjónustu á söfnunarstöðvum.

## 2.6 Erlend samskipti

Úrvinnslusjóður gerðist aðili að EPRO eða European Association of Plastics Recycling and Recovery Organisations á árinu 2004. Í þessum samtökum eru aðilar frá 12 Evrópuríkjum. Starfssvið sumra þessara aðila nær aðeins til plastumbúða en annarra er víðara, þó nær engin til jafn margra vöruflokka og Úrvinnslusjóður. Markmið samtakanna er að skipuleggja og kynna endurvinnslu og nýtingu á plasti í Evrópu auk þess að vera vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um þessi málefni.

12-14. júní 2005 var haldin aðalfundur samtakanna, að þessu sinni var hann haldinn hér á landi. Fundurinn var vel sóttur, á hann komu fulltrúar allra aðildarríkja EPRO ásamt innlendum gestum sem komu frá Umhverfisráðuneytinu og hinum ýmsu fyrirtækjum sem tengjast endurnýtingu.

## 2.7 Veiðarfæri úr gerviefnum.

Gengið var frá samningi við Landssamband íslenskra útvegsmanna um meðhöndlun veiðarfæra úr gerviefnum á árinu. Frá og með 1. september 2005 mun LÍÚ sjá um að koma öllum úrsérgegnum veiðarfærum úr gerviefnum, hvaðan sem er af landinu, til safnstöðvar sem staðsett er í Reykjavík. Veiðarfærin eru flokkuð og síðan send áfram til endurvinnslu á kostnað úrgangshafa. Samningur Úrvinnslusjóðs og LÍÚ fyrir hönd veiðarfæranotenda gerir ráð fyrir því að frestað verði gildistöku álagningu úrvinnslugjalds á veiðarfæri úr gerviefnum sem tilgreint er í lögum nr. 162/2002 með síðari tíma breytingum.

# ÚRVINNSLUSJÓÐUR

# Ársreikningur 2005

3. Ársreikningur Úrvinnslusjóðs . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .
3.1 Áritun stjórnar Úrvinnslusjóðs . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .
3.2 Áritun endurskoðenda . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .
3.3 Rekstrarreikningur ársins 2005. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .
3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2005. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .
3.5 Sjóðstreymi árið 2005 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .
3.6 Skýringar og sundurliðanir með ársreikningi 2005. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .
3.7 Uppgjör gjalda og tekna skipt á vöruflokka fyrir árið 2005. . . . . . . . . . . . . . . . . . .

## 3.1 Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Úrvinnslusjóður er sjóður sem heyrir undir Umhverfisráðuneytið. Meginhlutverk hans er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs.

Vantaldar eru tekjur Úrvinnslusjóðs þar sem ekki eru færðar til tekna dráttarvextir og álögur vegna úrvinnslugjalds sem berst eftir eindaga.

Á árinu 2005 varð 151,9 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 817,2 m.kr., skuldir 87,7 m.kr. og eigið fé nam 729,6 m.kr. í árslok 2005.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. nóvember 2006.

**Í stjórn**
Guðmundur G. Þórarinsson
formaður (sign)

Bryndís Skúladóttir (sign)
Stefán Hermannsson (sign)

Guðfinnur G. Johnsen (sign)
Sigurður Jónsson (sign)

Framkvæmdastjóri
Ólafur Kjartansson (sign)

## 3.2 Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Úrvinnslusjóðs
Við höfum endurskoðað ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

„Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.“
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Úrvinnslusjóðs á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, nóvember 2006

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Kristjana Ólöf Sigurðardóttir
endurskoðandi

## 3.3 Rekstrarreikningur ársins 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara ................ | | 513.793.253 | 499.338.670 |
| Úrvinnslugjöld vegna innlendrar framleiðslu .......... | | 9.941.534 | 15.201.407 |
| Úrvinnslugjöld vegna ökutækja ..................... | | 139.661.533 | 164.515.101 |
| | 1 | 663.396.320 | 679.055.178 |
| **Gjöld** | | | |
| Rekstrarkostnaður ................................ | 2-3 | 69.866.524 | 46.577.038 |
| Móttökustöðvagjöld .............................. | | 253.287.332 | 212.686.079 |
| Flutningsgjöld .................................. | | 67.450.859 | 44.219.250 |
| Söfnunarstöðvagjöld ............................. | | 27.458.161 | 23.181.720 |
| Önnur meðhöndlunargjöld ......................... | | 26.705.489 | 10.344.385 |
| Skilagjald ...................................... | | 118.120.587 | 33.822.296 |
| | | 562.888.952 | 370.830.768 |
| Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur............. | | 100.507.368 | 308.224.410 |
| Fjármunatekjur ................................... | 4 | 51.391.002 | 82.725 |
| Tekjuafgangur ársins ................................ | | 151.898.370 | 308.307.135 |

## 3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Ríkissjóður ..................................... | 6 | 750.870.701 | 616.720.229 |
| Úrvinnslugjald .................................. | | 65.301.426 | 61.592.754 |
| Handbært fé .................................... | | 1.066.055 | 1.003.712 |
| | | 817.238.182 | 679.316.695 |
| Eignir alls.......................................... | | 817.238.182 | 679.316.695 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Höfuðstóll....................................... | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun ............................ | | 577.659.662 | 269.352.527 |
| Tekjuafgangur ársins ............................ | | 151.898.370 | 308.307.135 |
| **Eigið fé** | 7 | 729.558.032 | 577.659.662 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir................................ | | | |
| Viðskiptaskuldir ................................. | | 87.680.150 | 101.657.033 |
| **Skuldir** | 5 | 87.680.150 | 101.657.033 |
| Eigið fé og skuldir.................................. | | 817.238.182 | 679.316.695 |

Eigi›

## 3.5 Sjóðstreymi árið 2005

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| **Veltufé frá rekstri** | | |
| Tekjuafgangur ........................ | 151.898.370 | 308.307.135 |
| **Veltufé frá rekstri** | 151.898.370 | 308.307.135 |
| | | |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | |
| Skammtímakröfur (hækkun) ........... | (137.859.144) | (336.938.842) |
| Viðskiptaskuldir (lækkun) hækkun ...... | (13.976.883) | 27.424.769 |
| | (151.836.027) | (309.514.073) |
| | | |
| Handbært fé frá rekstri ................ | 62.343 | (1.206.938) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé........ | 62.343 | (1.206.938) |
| Handbært fé í ársbyrjun ............... | 1.003.712 | 2.210.650 |
| Handbært fé í lok ársins | 1.066.055 | 1.003.712 |

### 3.6 Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

**Skattar**

Úrvinnslusjóður greiðir ekki tekju- og eignarskatt

**Skráning tekna**

Úrvinnslugjald er fært í fjárhagsbókhald samkvæmt skilagreinum frá tekjubókhaldskerfi ríkisins.

**Skráning gjalda**

Gjöld eiga almennt að bókast þegar reikningar berast Fjársýslu ríkisins. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

**Skammtímakröfur**

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

**Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á

**Handbært fé**

Hanbært fé samanstendur af bankainnstæðum

**Bókhald og fjárvarsla**

Úrvinnslusjóður er í bókhalds-og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Tekjur sjóðsins eru færðar í tekjubókhaldskerfi ríkisins.

**Fjárheimildir og rekstur**

Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins sé fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Áætlanir samkvæmt fjárlögum gerðu ráð fyrir að úrvinnslugjald ársins næmi 715 m.kr., en álagt úrvinnslugjald nam 679,1 m.kr. sem er 35,9 m.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrargjöld sjóðsins námu 370,7 m.kr. sem var 344,3 m.kr. lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjuafgangur ársins 2004 var því 308,3 m.kr.

Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 151,9 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

| Í þús.kr. | Fjárlög | Fjárheimild | Reikningur | Frávik |
|---|---|---|---|---|
| Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald | 1.035.000 | 538.000 | 663.396 | (125.396 ) |
| Sértekjur | 0 | 10.000 | 51.414 | (41.414 ) |
| Úrvinnslusjóður | (980.000 ) | (493.000 ) | (511.629 ) | 18.629 |
| Annar kostnaður | (55.000 ) | (55.000 ) | (51.018 ) | (3.982 ) |
| | 0 | 0 | 152.164 | (152.164 ) |
| Eignakaup | 0 | 0 | (266 ) | 266 |
| | 0 | 0 | 151.898 | (151.898 ) |

Rekstrarreikningur ársins 2005, sundurliðaður eftir tegundum, er með eftirgreindum hætti:

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Úrvinnslugjald | 663.396.320 | 679.055.178 |
| Tekjur af þjónustu og önnur framlög | 51.414.318 | 83.855 |
| Úrvinnslusjóður | (511.628.787 ) | (329.477.389 ) |
| Annar kostnaður | (51.017.730 ) | (41.354.509 ) |
| | 152.164.121 | 308.307.135 |
| Eignakaup | (265.751 ) | 0 |
| Samtals | 151.898.370 | 308.307.135 |

## Sundurliðanir

**1. Úrvinnslugjald**

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2005 að teknu tilliti til breytinga og afskrifta nam tæplega 521,0 m.kr. Endurgreitt úrvinnslugjald vegna útflutnings, endurnýtingar og leiðréttrar álagningar nam 97,3 m.kr. Tekjur af úrvinnslugjaldi vegna innfluttra vara á árinu 2005 voru því 499,1 m.kr. Álagning og innheimta gjaldsins er í höndum tollstjóra/sýslumanna.

Úrvinnslugjald vegna innlendrar framleiðslu er vegna þriggja málningarframleiðenda og eins fyrirtækis sem endurvinnur leysiefni. Álagning gjaldsins er í höndum skattstjóra en innheimta er hjá sýslumönnum/tollstjórum.

Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem lagt er á ökutæki og er gjaldið innheimt með bifreiðagjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum en innheimta er hjá sýslumönnum/tollstjórum.

**2. Laun og launatengd gjöld**

Í árslok 2005 var fjöldi starfsmanna Úrvinnslusjóðs 5, ársverk á árinu 2005 voru 5 en árið áður voru þau 3,2. Launagjöld hækka um þriðjung milli ára og er það vegna fjölgunar ársverka um 1,8. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Dagvinna | 20.256.426 | 14.119.787 |
| Yfirvinna | 3.534.725 | 2.332.921 |
| Aukagreiðslur | 5.924.627 | 5.546.276 |
| Launatengd gjöld | 5.563.688 | 4.243.357 |
| | 35.279.466 | 26.242.341 |

**3. Annar rekstrarkosnaður**

Annar rekstrarkostnaður Úrvinnslusjóðs lækkaði milli ára um 23,5 m.kr. eða 54%. Meginástæða þess er sú að á árinu 2003 fengu starfsmenn sjóðsins greitt sem verktakar sem fært var með aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Sérstakt umsýslugjald til ríkissjóðs er fært í bókhaldi sjóðsins en samkvæmt lögum skulu tekjur sjóðsins renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem er ákveðið hlutfall af innheimtum tekjum ársins.

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6.121.026 | 2.841.268 |
| Funda- og ferðakostnaður | 4.552.746 | 3.018.048 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 13.994.544 | 3.387.096 |
| Rekstur tækja og áhalda | 456.642 | 822.946 |
| Umsýslugjald til ríkissjóðs | 3.327.530 | 3.269.649 |
| Húsnæðiskostnaður | 4.525.595 | 4.850.415 |
| Eignakaup | 265.751 | 1.273.602 |
| Afskrifað úrvinnslugjald | 193.776 | 212.518 |
| Ýmis kostnaður | 1.149.448 | 659.155 |
| | 34.587.058 | 20.334.697 |

Úrvinnslusjóði ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vöruflokkum. Sértækur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vöruflokki og því færður beint til gjalda á viðkomandi vöruflokk. Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vöruflokk og er skipt á vöruflokka í réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vöruflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2004 eftir vöruflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum.

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarkostnaður, sértækur | 18.606.359 | 5.223.659 |
| Rekstrarkostnaður, sameiginlegur | 51.260.165 | 41.353.379 |
| | 69.866.524 | 46.577.038 |

**4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)**

Vaxtatekjur lækkuðu milli ára um 1,8 m.kr. Frá miðju ári 2003 hefur Úrvinnslusjóður verið í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Vextir voru ekki reiknaðir á inneign hjá ríkissjóði árið 2004. En frá og með 1. janúar 2005 verður það gert samanber lagabreytingu þar um.

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 57.127.019 | 93.142 |
| Fjármagnstekjuskattur | (5.712.701) | (9.287) |
| Vaxtagjöld | (23.316) | (1.130) |
| | 51.391.002 | 82.725 |

**5. Ýmsar skammtímaskuldir**

Úrvinnslusjóður hefur gert með sér þjónustusamninga við fyrirtæki varðandi meðferð á vöruafgöngum.

| | | |
|---|---|---|
| Þjónustusamningar vegna meðferðar vöruafganga | 51.853.987 | 86.164.169 |
| Endurkröfur vegna útflutnings | 4.096.678 | 6.777.618 |
| Ýmis ógreidd gjöld | 31.729.485 | 8.715.246 |
| | 87.680.150 | 101.657.033 |

## Annað

**6. Staða við ríkissjóð**

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu sjóðsins gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum sjóðsins. Í árslok 2005 nam inneign sjóðsins hjá ríkissjóði 616,7 m.kr. og hafði batnað um 317,8 m.kr. á árinu.

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2005 | 616.720.229 |
| Greiðslur | (556.675.736) |
| Millifærslur | 85.906.524 |
| Innheimt úrvinnslugjald og greitt skilagjald bifreiða | 553.567.709 |
| Fjármagnstekjur á viðskiptastöðu | 51.351.975 |
| Staða 31. desember 2005 | 750.870.701 |

**7. Eigið fé**

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll sjóðsins sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hans gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2004 sýnir höfuðstóll sjóðsins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 577,7 m.kr.

**Höfuðstóll**

| | |
|---|---|
| Höfuðstóll 1. janúar 2005 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 577.659.662 |
| Tekjuafgangur ársins . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 151.898.370 |
| Höfuðstóll 31. desember 2005 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 729.558.032 |

## Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
